

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1999

26. maí 1999

1135

Nr. 398

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. í kafla V-31 um farþegabáta orðast svo:

4.1 Óheimilt er að hafa í farþegabátum tæki eða vélar sem nota eldsneyti með lægri logamörk en 60°C, nema:

- (a) að ákvæði í 5. gr. um loftræstingar séu uppfyllt (í kafla S-8),
- (b) að ákvæði í 3. gr. um fasta bensíngeyma séu uppfyllt (í kafla S-9),
- (c) að ákvæði í 4. gr. um eldsneytislagirnir séu uppfyllt (í kafla S-9) og
- (d) að ákvæði í 5. gr. um fastan slökkvibúnað séu uppfyllt (í kafla S-14).

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. maí 1999.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

6. júní 1999

Nr. 399

AUGLÝSING

um deiliskipulag fiskihafnar, Reyðarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 6. maí 1999 samþykkt deiliskipulag fiskihafnar á Reyðarfirði.

Deiliskipulagið tekur til hafnarsvæðisins frá vöruflutningahöfn að vestan og að Rafstöðvarlæk að austan. Skipulagið gerir ráð fyrir iðnaði og hafnartengdri starfsemi.

Uppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reyðarfirði, 6. júní 1999.

F.h. bæjarstjórnar,

Óttar Guðmundsson skipulagsfulltrúi Fjarðabyggðar.